

REGLUGERÐ fyrir Byggingasjóð Einingar-Iðju.

1. grein:

Sjóðurinn heitir Byggingasjóður Einingar-Iðju.

2. grein:

Tilgangur sjóðsins er: Að standa straum af byggingakostnaði og rekstri húsnæðis fyrir skrifstofur félagsins, fundahald, námskeið og aðra starfsemi sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma á félagssvæðinu.

3. grein:

Tekjur sjóðsins eru:

- Húsaleigutekjur.
- Framlag félagssjóðs til Byggingasjóðs félagsins, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.
- Vaxtatekjur.

4. grein:

Stjórn Einingar-Iðju er jafnframt stjórn Byggingasjóðs og ber ábyrgð á fjárreiðum hans, daglegum rekstri og tekur ákvarðanir um nýbyggingar, kaup og sölur eigna.

5. grein:

Laust fé sjóðsins skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar byggingasjóður þarf á fé sínu að halda.

6. grein:

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju 16. apríl 2024.